



Fjölskyldu og fræðslusvið Vestmannaeyja

Ráðhúsinu, 902 Vestmannaeyjum, kt. 690269-0159, sími 488-2000, fax 488-2002

Alþingi
Erindi nr. P 140/1166
komudagur 24.2.2012

Velferðarnefnd Alþingis
nefndasvid@althingi.is

Umsögn um þingmál 290, Frumvarp til laga um breytingu á barnalögum, nr. 76/2003 með síðari breytingum (forsjá og umgengni).

Ljóst er á fyrirliggjandi frumvarpi að talsverðar breytingar eru fyrirhugaðar og flestar til bóta. Má þar nefna aukinn umgengisrétt barns við nákomna ættingja við sérstakar aðstæður (ekki lengur háð úrskurði sýslumanns), aukin heimild sýslumanns t.d. til að úrskurða um umgengni til bráðabirgða, skýrð ýmis ákvæði s.s. um framfærsluskyldu stjúpfóreltra, framkvæmd umgengni og annarra þátta þegar foreldrar með sameiginlega forsjá deila, t.d. um utanlandsferðir ofl., greint á milli réttar til skriflegra og munnlegra upplýsinga frá ýmsum aðilum osfrv.

Helstu breytingarnar er snúa að starfssviði félagsþjónustu og barnaverndarstarfs sveitarfélaga eru að greint er enn frekar á milli hlutverka barnaverndaryfirvalda annars vegar og sýslumanna/dómstóla hins vegar og er áætlað að hlutverk barnaverndaryfirvalda verði mjög takmarkað í barnalögunum. Telja verður þetta mjög til bóta því enn er hlutverkum þessara yfirvalda gjarnan ruglað saman vegna skörunar starfssviða. Mikilvægt er að afmarka eftir fremsta megni starfssvið barnaverndarnefnda og jákvætt að áréttá hlutverk sýslumanna að tilkynna mál til barnaverndaryfirvalda ef þörf þykir en þeir ljúki málum sjálfir að öðru leyti eins og gert er ráð fyrir í lögnum.

Áhyggjuefni er hins vegar hvernig útfærsla þess verður, einkum í smærri sveitarfélögum, þar sem hingað til hafa sýslumannsembætti notið aðstoðar og þekkingar starfsmanna barnaverndarnefnda sem eru oft einu sérfræðingarnir á þessu sviði á hverjum stað. Þetta mun því væntanlega kalla á aðkeypta þjónustu og áréttáð er mikilvægi þess að formlega sé gengið frá því við sýslumannsembættin, t.a.m. með setningu reglugerðar, hvernig sérfræðiþjónustu skuli háttáð og hverjir teljist hæfir á því sviði. Gætu t.d. sérfræðingar sem vinna hjá barnaverndarnefndum talist hæfir, taki þeir starfið að sér utan síns vinnutíma hjá barnaverndarnefnd?

Að lokum viljum við koma á framfæri athugasemd um hugsanlegt misræmi á milli barnalaga og barnaverndarlaga ef frumvarpið nær fram að ganga, þ.e. hvað varðar tilkynningaskyldu foreldra til barnaverndarnefndar þegar þeir vista börn sín hjá þriðja aðila. Samkvæmt 90. gr. bvl. 80/2002 er gert ráð fyrir að foreldrar tilkynni barnaverndarnefnd þegar barn er vistað hjá þriðja aðila og vistun er ætlað að standa lengur en 6 mánuði (12 mánuði ef um ættingja er að ræða) og ber þá barnaverndarnefnd að kanna "hvort þörf er fyrir stuðning við foreldra sem gæti gert þeim kleift að hafa barnið hjá sér. Ef svo er ekki skal barnaverndarnefnd kanna sérstaklega hvort hagsmunum og þörfum barns sé fullnægt á nýjum dvalarstað þess" eins og orðrétt segir í 90. gr. laga nr. 80/2002. Samkvæmt ofangreindu frumvarpi virðist ekki gert ráð fyrir þessari tilkynningaskyldu (sbr. 32.gr. barnalaga skv. 10.gr. frumvarps) og þarf því e.t.v. að huga að því hvort nauðsynlegt yrði í kjölfarið að breyta lögum nr. 80/2002 til samræmis.

Með kveðju
f.h. Fjölskyldu- og fræðslusviðs Vestmannaeyja

Guðrún Jónsdóttir
yfirlýðingaráðgjafi